

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða láta inn-sigla það.

16. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

17. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

18. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. jan. 1966. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radióviðskipti áhugamanna frá 1. ágúst 1963.

Póst- og simamálastjórnin, 23. desember 1965.

Gunnl. Briem.

Sig. Þorkelsson.

F J A L L S K I L A S A M Þ Y K K T

fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar.

2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir á fjallskilamálum hver í sínum hreppi og geta gert nánari ákvarðanir í einstökum atriðum, sem raski þó ekki ákvæðum samþykktar þessarar, t. d. á hvern hátt menn skuli inna af hendi fjallskil, hvort heldur í vinnuframlögum eða greiðslu í peningum. Enn fremur hve mikil framlög miðað við jarðarafnot eða fénaðarfjöldu.

3. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela einum eða fleirum úr sínum hópi framkvæmd þeirra mála, sem nefndin hefur á hendi samkvæmt samþykkt þessari, er nefnist fjallskilastjóri eða fjallskilanefnd, eftir því sem við á.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna sjóð, er nefnist fjallskilasjóður og skal hlutverk hans aðeins vera að standast fjallskilakostnað, sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur hans væru þá t. d. þessar:

1. Andvirði óskilafjár.
2. Greiðsla í peningum samkv. 2. gr.
3. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.
4. Aðrar tekjur, sem hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að skuli renna í sjóðinn.

Reikning sjóðs þessa gerir hreppsnefnd samtímis reikningum sveitarsjóðs og lætur fylgja þeim til sýslunefndar.

II. KAFLI

Notkun afrétta og annars beitilands.

5. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla afrétti og önnur sumarbeitilönd, sem afréttarpeningur gengur óhindrað um. Hreppsnefnd getur með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum, eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur.

Ekki má þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn.

6. gr.

Ef þess þykir þörf, getur hreppsnefnd beitt sér fyrir því, að afréttur og annað sumargönguland hreppsins sé metið til ítölu samkv. lögum þar um. Komi fram við það mat, að einhverja fjáreigendur vanti land fyrir sitt fé, skal nefndin hafa forgöngu um að útvega það hjá þeim, er kynnu að hafa það umfram eigin þarfir gegn hæfilegu gjaldi, sem fjáreigendur gætu samið um sjálfir við landeiganda, ef þeir vildu heldur. Einnig getur hreppsnefnd krafizt ítölu, telji hún að of mörgu fé sé sleppt í lönd þau, er að hreppsmörkum liggja.

7. gr.

Öllum fjáreigendum er heimilt að reka fé sitt í afréttarland hreppsins og skylt er þeim að gera það, ef fénaður þeirra veldur ágangi í löndum annarra. Rétt er þeim, er fyrir slíkum ágangi verður, að gera kröfu á hendur fjáreiganda, að hann reki fé sitt til afréttar eða taki það í örugga vörzlu. Verði ekki úr bætt, sker hreppsnefnd úr um réttmæti kröfunnar, og skal sjá um rekstur fjárins á kostnað eiganda, ef krafan er að hennar dómi réttmæt.

Engum er heimilt að sleppa fé sínu í lönd annarra leyfislaust, og þegar rekið er til afréttar um lönd annarra, skal það gert þannig, að sem minnstu ónæði valdi þeim fénaði, sem þar er fyrir.

8. gr.

Ef afréttar- eða önnur sumarbeitilönd tveggja eða fleiri hreppa liggja saman og einn eða fleiri verða öðrum fremur fyrir ágangi frá hinum, á sá eða þeir, sem fyrir ágangi verða, rétt til þess að krefjast bóta fyrir áganginn. Takist ekki samkomulag um þetta, skal sýslumaður skipa þrjá óvilhalla menn til að meta bæturnar.

Matsmönnum skal greiða þóknun frá þeim hreppi, sem krafðist matsins.

9. gr.

Ekki má hreppsnefnd eða einstaklingar taka utanhreppsfénað til hagagöngu í afréttarland né annað sumarbeitiland hreppsins, nema fyrir liggja samþykki þess eða þeirra hreppa og annarra landeiganda er aðliggjandi afréttarlönd eða önnur beitilönd eiga, sem afréttarfénaður getur gengið um.

Þetta gildir þó ekki um land í einkaeign, sé það girt öruggri girðingu, en fulla ábyrgð ber sá, er slíkan fénað tekur, á því, ef fénaðurinn veldur samt sem áður ágangi eða skemmdum í löndum annarra.

10. gr.

Ef ábúendur jarða, er næst liggja afrétti, verða fyrir ágangi afréttarfénaðar, er þeim rétt að krefjast girðingar, er varni áganginum. Um kostnað við girðinguna og viðhald hennar fer eftir gildandi girðingarlögum. Sama máli gegnir um girðingar, sem fyrir eru, ef til samninga kemur um lönd í einkaeign samkv. 5. gr.

11. gr.

Eftir að vorsmölun er lokið og fénaður rekinn á afrétt, má enginn smala né valda afréttarpeningi ónæði á neinn hátt, nema leyfi viðkomandi hreppsnefndar komi til.

III. KAFLI

Um fjallskil og smölun heimalands.

12. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um smölun afréttar hver í sínum hreppi. Skulu leitir vera þrennar á hverju hausti, og skal þeim lokið í síðustu viku sumars í síðasta lagi. Skal hreppsnefnd hafa lokið niðurjöfnun fjallskila 2 vikum fyrir fyrstu leit.

Í gönguseðlum skal tilgreint, hverjir leggja skuli menn á hvort afréttarsvæði fyrir sig, nefna til leitarstjóra, svo og þá, er sækja fé í utanhreppsréttir.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver eigandi eða umráðamaður lögbýlis eftir nánari fyrir-mælum hreppsnefnda, án tillits til hvers það er nytjað, enn fremur eigendur eða umráðamenn sauðfjár eða annars búfjár, sem fjallskilaframkvæmd tekur til.

Sveitarstjór getur krafist um fjallskilin hvort heldur í vinnuframlögum eða peningagreiðslum eða hvorttveggja. Hver húsbóndi skal inna af hendi fjallskilin fyrir allt sitt heimafólk, nema hreppsnefnd leggi á það sérstaklega.

14. gr.

Skyldur er hver að inna þau fjallskil af hendi, sem á hann eru lögð og eru í samræmi við þau, sem öðrum hreppsbúum er gert skylt að leysa af hendi. Sá er órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og sýslunefnd, en enginn getur með áfrýjun skotið sér undan hlýðni við þá fyrirskipun, sem hann kærir yfir. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgreiða honum fjallskilin samkv. úrskurðinum.

Hafi fjallskilaskyldur maður engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann sjálfur, skal hann tilkynna það hreppsnefndinni með minnst viku fyrirvara, og annast þá nefndin útvegum safnsmanns á kostnað hans, svo og annað, sem til þarf, svo sem hesta og fæði, ef með þarf.

15. gr.

Hverjum sem ekki framkvæmir fjallskilin samkv. fyrirskipun hreppsnefndarinnar, skal skylt að greiða andvirði fjallskilanna til fjallskilasjóðs, ef til er, með 50% álagi, annars sem því svarar samkv. fyrirskipun hreppsnefndar. Sama máli gegnir, ef einhver sendir þann mann í göngurnar, sem leitarforingi og meiri hluti gangnamanna álita ekki liðgengan eða svo illa útbúinn á einhvern hátt, að hann sé óhæfur í göngurnar.

16. gr.

Gangnaforingi skal skipa fyrir, hvernig haga skuli göngunum í samræmi við fyrirskipanir hreppsnefndar. Hann skal sjá um, að söfnin séu rekin til réttar í góðri reglu. Gangnamenn eru skyldir að hlýða gangnaforingjanum, meðan á leitinni stendur og til þess að safnið er afhent réttarstjóra eða öðrum ábyrgum aðila. Óhlýðni varðar sektum.

Geri gangnastjóri sig sekan um hirðuleysi eða óreglu, skal hann sæta sektum.

17. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að til séu góð skýli fyrir gangnamenn, þar sem þeirra er þörf. Kostnaður við byggingu þeirra og viðhald greiðist úr fjallskilaskjóði eða sveitarsjóði.

18. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt, bæði að hausti og vori, og getur hreppsnefnd krafizt þess, ef hún telur þess þörf, og það eins þó að landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki nokkur að smala heimaland sitt, getur hreppsnefnd látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákv. 15. gr.

19. gr.

Þeir, sem viðáttumikil heimalönd hafa að smala, sem notast að sumrinu sem beitiland fyrir afréttarpening, eiga rétt á að sú smölun sé metin til fjallskila, enda framkvæmi landeigandi smölunina á sinn kostnað í sambandi við smölun afréttarins og eftir fyrimælum hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar.

20. gr.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þó að hann hafi sleppt fé sínu í heimaland, en sé afréttur talinn of þröngur fyrir allt fé, sem þar má vera, samkv. 7. gr., getur hreppsnefndin samið við þá hreppsbúa, sem þess óska og rúmgóð heimalönd eiga, að þeir láti sitt fé ganga þar gegn niðurfellingu fjallskila, sem lögð eru á eftirfjártölu, að meira eða minna leyti, enda sé slík heimalönd girt þannig, að öruggt megi telja að fénaður renni ekki þaðan í afrétt eða í lönd annarra, eða lega þeirra þannig, að dómi hreppsnefndar, að ekki sé um slíkt að ræða, enda verði þannig í reynd.

21. gr.

Þeir eigendur eða umráðamenn jarða, sem búsettir eru utan þess hrepps eða fjallskiladeildar, sem jörðin liggur í eru fjallskilaskyldir þar, sem jörðin á tilkall til afréttarnota samkv. ákvörðun hreppsnefndar þess hrepps eða fjallskilastjórnar.

Noti eigandi eða umráðamaður slíka sem upprekstrarland, skulu lögð á hann full fjallskil, sem aðra búendur í hreppnum.

Skyldur er hann að framkvæma smölun heimalands jarðarinnar, sem aðrir jarðeigendur í hreppnum og það eins, þótt hann nytji ekki jörðina né eigi þar fjárvon sjálfur.

Notendur afmarkaðra upprekstrarlanda, sem búsettir eru utan þess hrepps, sem landið liggur í, skulu einnig skyldir til að gera full fjallskil í því upprekstrarlandi eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar.

Ef um vanrækslu er að ræða um smölun, gilda ákvæði 18. gr. samþykktar þessarar um smölunina eins og um aðra landeigendur í hreppnum. Heimilt er hreppsnefnd heimilissveitar að leggja á allt að helming fjallskila, sé þess þörf vegna smölunar heimilissveitar.

22. gr.

Þar sem heimalönd eru víðáttumikil og líkur til að margir eigi þar fjárvon, mega hreppsnefndir, sem hlut eiga að máli, skipa svo fyrir í sambandi við vor-smölnun, að þeir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölnunina, eftir því sem sann-gjarnt þykir.

23. gr.

Enginn má reka fé á afrétt án leyfis hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar fyrir en smölnun hefur farið þar fram, sé hún fyrirhuguð. Enda er hreppsnefnd skylt að láta smölnunina fara fram svo fljótt sem ástæður leyfa.

24. gr.

Hvar sem ókunnar kindur koma fram við smölnun, skulu menn leitast við að rýja ullarfé og marka lömb.

25. gr.

Nú er jörð í eyði og enginn ákveðinn notandi að henni, ber þá hreppsnefndinni að hlutast til um, að landið sé smalað til rúnings, ef þörf krefur.

26. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fé það, er finnst í landi hans, eftir að almenn-um smölnunum er lokið og tilkynna fjáreigendum.

IV. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

27. gr.

Fjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk og hornamörk.

Skyldur er hver fjáreigandi að hafa glögg eyrnamark á öllu fé sínu, en ef mark er af einhverjum ástæðum óskýrt, skal hyrnt fé brennimerkt á hægri horn, en kollótt með málmplötu í hægri eyra.

28. gr.

Heimilt er sýslunefnd að skipa fyrir um að merkja allt sauðfé veturgamalt og eldra, hrepps-brennimerki í vinstra horn eða málmplötu í vinstra eyra þess, er kollótt er, og ákveður, hvernig merkin skuli vera.

29. gr.

Sauðfjármörk geta menn erft, keypt og eignast að gjöf.

Enn fremur má taka upp nýtt mark, enda hafi enginn annar í því héraði eða svo nærri, að hætt sé á samgangi fjárins, sams konar mark eða svo líkt, að hætt sé við misdrætti.

30. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir, að annar eigi. Óheimilt er manni að helga sér kind, sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem umfram er eða vantar.

Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars manns en þess, er á eyrna-markið, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Sé kind mörkuð bæði hornamarki og brennimarki, skal brennimarkið ráða. Sönnur skal eigandi horna- og brennimarks færa fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi eyrnamarks krefst þess.

Nú vill maður eigna sér kind ómarkaða, afeyrða eða með óþekktanlegu eða vafa-sömu marki, og skal þá hreppstjóri kveðja til tvo óvillhalla menn til að meta með

sér ástæður þær, sem hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Komi þeim öllum saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, annars telst hún óskil.

Frjálst er honum að leita réttar síns með málssókn, sé hann óánægður með úrslitin.

31. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá eigi sjaldnar en tíunda hvert ár, og kýs hún markavörð til að annast útgáfu markaskrárinnar í hvert sinn, er skrána á að gefa út.

Skal hann með aðstoð hreppsnefnda safna mörkum, og er hver markeigandi skyldur að koma marki sínu í skrána gegn gjaldi, sem sýslumaður ákveður.

Markavörður og þeir, sem safna mörkum, skulu eftir megni sjá um, að ekki eigi sér stað sammerkingar eða svo lík mörk, að hætta sé á misdrætti af þeim sökum, svo mjög mikil særingamörk og mörk, sem erfitt er að marka, svo að greinileg séu.

Ef fleiri en einn tilkynnir sama mark til prentunar skulu þau mörk ganga fyrir, sem gengið hafa að erfðum, og þá keypt eða gefin. Sé um tvö mörk eða fleiri erfðamörk að ræða, skal það standa, sem lengur hefur gengið að erfðum. Sá sem flytur inn í sveit með mark, sem að dómi hreppsnefndar eða markavarðar, er of líkt öðru í nágrenninu, skal breyta því, enda þótt erfðamark sé.

32. gr.

Vilji einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark milli þess að markaskrá er gefin út, verður hann að fá til þess samþykki markavarðar, og að því fengnu auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, er það þá heimilt til notkunar, en fyrr ekki.

33. gr.

Markaskrána skal prenta í það mörgum eintökum, að allir markeigendur geti fengið eitt, og auk þess nokkur til vara.

V. KAFLI

Fjárréttir og réttarhöld.

34. gr.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði. Kostar deildin byggingu sjálfrar réttarinnar og geymsluhólfs fyrir safnið, en fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar sjá sér þar fyrir nægu dilkrúmi á sinn kostnað. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjárvon eiga í réttinni. Skulu dilkar vera það rúmir, að ekki þurfi að tæma þá, meðan á drætti stendur.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt, þó ekki tún eða engi, né heldur land, sem líkur eru til að verði tekið til ræktunar.

Valdi réttarbygging spjöllum á nytjalandi, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eftir mati tveggja manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Telst allur slíkur kostnaður með byggingarkostnaði réttarinnar.

Rétt á landeigandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhaldsins.

35. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa réttarstjóra við hverja aðalrétt, er skipi fyrir um, hvernig fjárdrætti skuli haga og heldur mönnum til starfs. Óhlýðni við skipunum hans varðar sektum.

Ber að ákveða honum þóknun fyrir starf sitt.

Enginn má hleypa fé úr dilk, nema réttarstjóri leyfi og fjáreigendur ekki fara úr rétt, fyrr en fjárdrætti er lokið.

Réttarstjóri skal gæta þess vandlega, að allir ómerkingar og vafalömb, sem koma fyrir í réttinni, séu dregnir í sérstakan dilk, þar sem ekki er annað fé fyrir, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin undir eftirliti réttarstjóra eða þess, er hann setur í sinn stað. Að afloknu réttarhaldi má hreppstjóri selja ómerkinga þá, sem ekki hafa fundið mæður, sé sala leyfð að lögum, ella skulu þeir fluttir til slátrunarhúss og lagðir inn sem eign sveitarsjóðs eða fjallskilasjóðs, ef til er. Sama máli gegnir um annað óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda að lögmætum ástæðum.

36. gr.

Enginn má marka kind í réttinni eða breyta marki, nema leyfi réttarstjóra eða hreppstjóra komi til. Sé um breytingu á marki að ræða, skal hreppstjóri eða réttarstjóri samstundis rita hjá sér nafn hins fyrri eiganda kindarinnar, sé hann ekki nærstaddur, og mark hennar áður en því var breytt. Einnig nafn þess, er markar og undir hvers mark markað er.

VI. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

37. gr.

Við smölun afrétta eða annarra sumarbeitilanda skulu menn leitast við að handsama, svo fljótt sem unnt er, ómerkinga, sem fylgja móður og auðkenna þá. Um ómerkinga og annað óskilafé, sem kemur til skilarétta, fer eftir því sem fyrir er mælt í þeim kafla samþykktar þessarar, sem fjallar um réttir og réttarhöld.

38. gr.

Óskilafé, sem kemur fram eftir réttir og ekki finnst eigandi að, eða kemst ekki til eigenda af lögmætum ástæðum, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði, sem auglýst er með hæfilegum fyrirvara sé sala leyfileg, annars slátrað skv. 35. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skal hreppstjóri semja skrá um mörk, lit og önnur einkenni á seldum óskilafénaði á síðast liðnu ári, og láta birta hana í Lögbirtingablaðinu fyrir lok febrúarmánaðar næst á eftir. Næstu 6 mánuði hefur svo sá, er sannað getur eignarrétt sinn á seldri kind, rétt á endurgreiðslu andvirðisins að frádregnum lögmætum kostnaði.

VII. KAFLI

Um sveltistöku, eftirleitir og öræfaleitir.

39. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelt, skal svo fljótt sem unnt er, gerð tilraun að handsama það og færa til skila og er hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem landið liggur, skylt að sjá um framkvæmdina.

Heimilt er hreppsnefnd að fela landeiganda heimalands og fjáreiganda, ef kunnur er, sveltistöku.

Ef mjög örðugt er talið að ná fé úr svelt er hreppsnefnd heimilt að láta skjóta það.

Kostnað við sveltistöku greiðir eigandi fjárins á meðan andvirði þess hrekkur til. Verði kostnaður meiri, ber sveitarsjóður viðkomandi lands eða afréttar þann kostnað.

40. gr.

Þegar fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annað hvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanns sjálfs.

Fundarlaun fyrir fé, sem finnst í eftirleit, má vera $\frac{1}{3}$ hluti verðs fullorðins fjár, en $\frac{1}{2}$ verðs lambs.

Fyrir óaðkomið fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun annarra sumar-beitilanda, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

41. gr.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki teljast til afrétta, skulu ákveðnar og kostaðar af sýslunefnd.

Hreppsnefnd þess hrepps, sem bezta aðstöðu hefur, er skylt að framkvæma smölunina.

Heimilt er að krefja eigendur fjár, er finnst, um allt andvirði hins fundna fjár. Heimilt er sýslunefnd að ákveða, að fé, sem finnst við öræfaleit, skuli lógað sama haust.

42. gr.

Komi fram ágreiningur um verðmæti fjár, sem um ræðir í 39., 40. og 41. grein, skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps meta það.

43. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200.00—5000.00 kr., þar sem ekki er annað tekið fram, og renni í fjallskilasjóð eða hreppssjóð, þar sem brotið er framið.

44. gr.

Mál, sem rísa kann út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með að hætti opinberra mála.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld almenn reglugerð um fjallskil fyrir V.-Skaftafellssýslu frá 1. september 1899, ásamt þeim breytingum, sem síðar hafa verið gerðar á henni.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 107. gr., sbr. 92. gr. c. sveitarstjórnarlaganna nr. 58 1961, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

31. desember 1965.

Nr. 246.

AUGLÝSING

um skiptingu Hafnarfjarðarprestakalls í Kjalarnessprófastsdæmi í tvö prestaköll.

Með heimild í 3. grein laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, er hér með ákveðið, að Hafnarfjarðarprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi skuli skipt í eftirtalin tvö prestaköll:

1. Hafnarfjarðarprestakall: Hafnarfjarðarsókn.
2. Garðaprestakall: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Ólafur Björnsson.